HÁSKÓLI ÍSLANDS

# Ísland sem Janus: Til beggja átta

Ráðstefna AMS um alþjóðasamvinnu

Norræna húsinu 19. apríl 2017

9:30–10.30

# Janus hafði tvær ásjónur



# Ísland er ekki of lítið!

Ör fjölgun smáríkja á 20. öld vegna tvenns:

1. Með útfærslu markaða, hnattvæðingu, tekst þeim að nýta kosti alþjóðlegrar verkaskiptingar (Sviss, Írland, Lúxemborg, Noregur, Nýja Sjáland)
2. Með hnignun alræðis og einræðis minnkar andstaða við sjálfstæði smáþjóða (Eystrasaltsríkin þrjú, Slóvakía, Slóvenía)

Smáríki samleit (sérstaklega þjóðríki), gagnkvæmt traust og gagnsæi, löggæsla ódýrari, boðlínur styttri, sveigjanlegra hagkerfi, sbr. Norðurlönd

# Sjálfstæðiskrafa Jóns Sigurðssonar

1. Íslendingar frá öndverðu verið sjálfstæð og fullvalda þjóð
2. Íslendingar sérstök þjóð með eigin tungu og menningu
3. Íslendingar vita betur en aðrir, hvað þeim er sjálfum fyrir bestu

Viðbótarrök: Verslum við alla, ekki við einn aðila



# Skjól getur orðið gildra

Hæpin skjólkenning Siberts og Baldurs: „Ísland of lítið, hefur alltaf leitað skjóls, þarf það nú af ESB“

1. Smáríki ódýrari í rekstri en stórveldi og oftar með opið hagkerfi og þess vegna auðugri
2. Gamla sáttmála neytt upp á Íslendinga
3. Ekkert skjól í Danakóngi: Tyrkjaránið; lokaði Ísland inni í fátæktargildru 1490–1855
4. Reyndi þrisvar að selja Hinrik VIII. landið, einu sinni Hamborgarkaupmönnum (1465) og einu sinni (1864) að nota það sem skiptimynt í Slésvíkurdeilunni

# Áhugaleysi, nema 1940–1991

- Bretar höfðu aldrei áhuga á Íslandi, en vildu hlutast til um, hverjir réðu landinu: Kílarsamningurinn 1814
- Bretar tóku öll mál í sínar hendur 1914–18
- Lenín sagði til um hernaðargildi landsins 1920
- Afstaða Ólafs Thors: 1940 og 1949
- BNA verndaði Ísland frá 1941, rausnarleg Marshall-aðstoð, hagstæð lán, Loftleiðir, þorskastríð
- Varnarsamningurinn aðeins um varnir BNA, sbr. 2006

# Atlantshafs- eða ESB-kostur



# Atlantshafskosturinn skárri …

- … þrátt fyrir áhugaleysi BNA og fólsku breska Verkamannaflokksstjórnarinnar í bankahruninu
- Norðurlandaþjóðir og ESB brugðust í Icesave-málinu
- Ræktum samband við alla, en Atlantshafskostur skárri:

1. Landfræðilega næst okkur: Noregur, Bretland
2. Menningarlega næst okkur: Bretland, Noregur, Bandaríkin, Kanada, Írland
3. Öflugri bandamenn en vanmegna ESB, hafa bjargað heiminum frá harðstjórum, munu ekki leyfa fjandsamlegum aðilum að hreiðra um sig á Íslandi

# Ísland vinasnautt, ekki vegalaust

- Ríki eiga ekki vini, heldur hafa hagsmuni
- Samræða Aþeninga og Melverja 416 f. Kr. lýsir enn alþjóðamálum: „Sterkir ráða, veikir hlýða“
- Hagsmunir Íslendinga: að selja sem flestum fisk, ferðamannaþjónustu og aðra vöru og þjónustu, en tryggja um leið herlausu ríki öryggi
- Ummæli Bjarna Benediktssonar
- Markaður ekki síst í Evrópu, en öryggi aðeins tryggt með samstarfi við BNA (og Breta og Norðmenn)
- Útganga Breta úr ESB veitir líka mikla möguleika

# Grímur Thomsen

- Ísland Janus: horfir í báðar áttir
- Þegar belgíski sendimaðurinn heyrði, að töluð væri íslenska þar norður frá, spurði hann, hvað dónarnir töluðu. Grímur svaraði: „Belgísku!“
- Við tölum íslensku og eigum sálufélag við Egil og Snorra, Njáluhöfund, Hallgrím og Jónas, sem við megum ekki slíta
- Smæðin á að stækka okkur, ekki smækka



